

Niðurstöður atkvæðagreiðslu um
Bakkus í Garðinum:

Vínveitingar í upphaflega templarahúsi


Eftir 48 ávörp fundarmanna í upphaflega templarahúsinu, síðan ungmenntafélagshúsinu og loks hreppsfélagshúsinu í Garði á sunnudaginn, var samþykkt að leyfa þar vínveitingar félaga á lokuðum samkomum, með 37 atkvæðum gegn 26.

Upphaflega fór húsnefnd fram á slíkt leyfi til að fleiri félög sæktu í húsið og það nýttist betur og rekstur þess styrktist um leið. Þá hugmynd samþykkti hreppsnefnd, en vegna harðorðra mótmæla bindindismanna

sem söfnuðu fjölda undirskrifa og bentu m.a. á taumlitla áfengisneyzlu á almennum skemmtunum nú, sem þyrfti úrbóta við, var efnt til borgarafundar um málið.

Síðan hreppsnefnd veitti húsnefnd leyfið fyrir júl, hafa verið haldnar 3 vinsamkomur í húsinu, einkum sóttar af aðkomufólki, sem bindindismenn á staðnum óttast að kunni að vera blika þess að menningarstarfsemi heimafyrir komist ekki að í húsinu vegna slíkra samkoma.

emm/-GS.



North West Orient — nýr keppinautur
Flugleiða á N-Atlantshafsleiðinni:

Hyggst nota 530 farþega Jumbóa og fljúga ódýrt

— þá hefur Laker fengið leyfi til að selja Skytrain ferðir með dags fyrirvara, sem auka mun viðskiptin

Bandaríska risaflugfélagið North West Orient hefur nú fengið flugleyfi yfir Norður-Atlantshafið og hefur þegar pantað Boeing 747 Jumbóþotur,

innréttaðar fyrir 530 farþega, til flugsins. Hefur félagið bæði fengið flugleyfi til Skandinavíu og Brussel eða Amsterdam. Félagið fyrirhugar að bjóða mjög lág fargjöld á leiðinni, en hefur ekki enn birt verðskrá sína eða hvenær byrjað skuli.

Það hefur ekki sótt um lendingarleyfi á Íslandi, enda þyrftu að vera umtalsverðir flutningar hingað til að milli-lendingar borguðu sig.

Þessa dagana er félagið að selja nokkrar DC-10 þotur sínar, eins og Flugleiðir voru að kaupa til flugs á leiðinni, þar sem NWO telur þær ekki henta eins vel og B-747 til slíkra flutninga, né Kyrrahafsflugs síns.

Þá hefur Freddie Laker fengið leyfi til að selja far með dags fyrirvara í Skytrain ferðir sínar yfir Atlantshafið en þangað til þurftu fólk að biða í biðröðum upp á von og óvon um að komast þann daginn. Talið er að þetta muni enn auka flutninga hans, en sl. ár var mjög góð nýting hjá honum og hagnaður af þessari nýju tilraun.

-JH.

-GS.

← Freddy Laker: eins dags fyrirvari getur haft áhrif á sætanýtingu Flugleiða.


SFV starfa áfram í Reykjavík

Samtök frjálslyndra og vinstri manna í Reykjavík héldu aðalfund sinn í fyrrkvöld, þar sem menn glöggvöðu sig á stöðu samtakanna. Að sögn Einars Hannessonar formanns félagsins verður annar fundur í næsta mánuði, þar sem mótuð verður stefna fyrir landsfund í apríl.

Á landsfundinum verður ákvörðun tekin um framtíð Samtakanna, en þau misstu sem kunnugt er báða þingmenn

sína í alþingiskosningunum sl. sumar. Á fundinum í gær ræddi Magnús Torfi Ólafsson stjórnmálaviðhorfið. Stjórn var kjörin og var Einar Hannesson endurkjörinn formaður.

Einar sagði það ljóst eftir þennan fund að hópurinn í Reykjavík héldi áfram starfi sínu, en landsfundurinn tæki síðan ákvörðun um starf Samtakanna úti um land.



Frá 30. marz 1949, fyrir framan Alþingishúsið.

Menningarhá- tíð í minningu hernámsins

Í fyrradag kölluðu samtök hernáms- andstæðinga blaðamenn á fund til að kynna plön sín að menningar- og lista- hátíð í marz og apríl til að minnst 30 ára veru Íslands í NATO. Er hátíðin ekki einungis bundin við Reykjavík, heldur munu herstöðvarandstæðingar víða um land gangast fyrir sérstökum dagskrám þann 30. marz, þ.á.m. Á Akureyri, Ísafirði, Selfossi í Mývatns- sveit o. fl. stöðum. Er hátíðinni skipt í nokkra þætti, og er hver þáttur undir stjórn sérstakrar framkvæmdanefndar. Mest verður um að vera að Kjarvals- stöðum dagana 16.-25. marz, en þar fer fram myndlistarsýning, ljósmynda- sýning, skáldavökur, leiklist, tónlist og sýndar verða kvikmyndir. Þann 30. marz verður svo haldin mikil samkoma í Háskólabíói, með ávörpum, tónleik- um og leikþáttum.

Lárus Sveinsson, Megas, Þokkabót, Þursaflokkurinn, Söngflokkurinn Kjarabót (áður nafnlaus) o. fl.

Á skáldavökum er gert ráð fyrir tvenns konar flutningi skáldverka, upplestri valinna verka annars vegar og marabonlestri hins vegar og hefur fjöldi höfundar lagt til verk, þ.á.m. Ása Sólveig, Birgir Sigurðsson, Hjörtur Pálsson, Jakobína Sigurðardóttir, Jón Óskar, Kristinn Rey, Ólafur Jóhann Sigurðsson, Sigfús Daðason o. fl.

Flytjanleg ljósmynda- sýning

Ljósmyndasýningin verður einnig viðamikil og er hún þannig úr garði gerð að hægt er að flytja hana um landið. Er þetta bæði skyggjimynda- sýning með tali og ljósmyndir, teikningar o. m. fl. Í leiklistinni munu nokkrir félagar úr Alþýðuleikhúsinu flytja Alþýðukabarett og lesið verður úr bréfum Rósu Luxemburg. Alls kyns baráttu- og byltingarkvikmyndir verða sýndar meðan á hátíðinni stendur og eru margar þeirra frá S -Ameríku, eftir þekktu leikstjóra úr þeirri álfu. Auk þess verða sýndar styttri heimildar- myndir. Hátíðinni lýkur væntanlega í Háskólabíói þann 30. marz með mikilli dagskrá, m.a. fjölbreyttri tónlist sem tónlistarmenn úr ýmsum áttum flytja í sameiningu og hefur Sigurður Rúnar Jónsson útsett hana. Þar verða einnig fluttir leikþættir samdir sérstaklega af þessu tilefni og sjá félagar úr Alþýðuleikhúsinu um flutninginn.

A.I.

Fjölbreytt dagskrá

Á myndlistarsýningu samtakanna að Kjarvalsstöðum hafa eftirtaldir listamenn boðað þátttöku, m.a.: Ágúst Petersen, Ásgerður Búadóttir, Gylfi Gíslason, Hildur Hákonardóttir, Hreinn Friðfinnsson, Hringur Jóhannesson, Magnús Tómasson, Jón Reykdal, Ragnheiður Jónsdóttir, Ríkhartur Valtinójer, Sigrún Guðjónsdóttir, Sigurjón Ólafsson, Þorvaldur Skúlason o. fl. Ætluin er að flytja tónlist á hverju kvöldi, sem ívaf eða með annarri dagskrá. Þar verða á boðstólum jazz, kammerverk, vísasöngur, poppmúsik og fjöldasöngur. Flytjendur eru m.a. Manuela Wiesler, Guðný Guðmundsdóttir,

UNGLINGA DANSLEIKUR

video

JOHN TRAVOLA
OLIVIA NEWTON-
JOHN
VILLAGE PEOPLE
OG MARGIR
FLEIRI

FYRIR 16 ÁRA OG ELDRI

★

Mickie Gee

sér um að koma öllum í

STUÐ

og spilar allar nýjustu
plöturnar

★

**705
kl.st.**

Munið söfnunina
"GLEYMD BÖRN '79,"
giro nr. 1979-04

★★★★ Það verður stanslaust fjör frá 9-1